

Fundargerð 11. apríl 2014

Aðalfundur stjórnar Minjasafns Austurlands haldinn í Gistihúsinu á Egilsstöðum föstudaginn 11. apríl 2014 kl: 12.30. Mættir stjórnarmennirnir Sigurjón Bjarnason, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Baldur Grétarsson frá Fljótsdalshéraði, Þórdís Sveinsdóttir frá Fljótsdalshreppi og Kristjana Björnsdóttir frá Borgarfjarðarhreppi ásamt safnstjóra Unni Birnu Karlsdóttur.

1. Skýrsla um starfsemina á liðnu starfsári

Ársskýrsla 2013 lögð fram í prentuðu formi. Unnur Birna fylgdi skýrslunni úr hlaði og svaraði spurningum sem vöknudu við umræður. M. a. kom fram að umtalsverð vinna fór í undirbúning vegna eigendaskipta á Safnahúsinu sem varð að veruleika um síðustu áramót. Skýrsluna í heild er að finna á heimasíðu safnsins.

2. Ársreikningur 2013

Formaður kynnti reikninginn og eftir umræður var reikningurinn borinn upp og samþykktur einróma. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð á árinu 2013 að fjárhæð 6,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Söluhagnaður var kr. 11.911.246-

Eigið fé samlagsins í árslok nam 138.4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Í árslok 2013 keypti sveitarfélagið Fljótsdalshérað eignarhlut Minjasafnsins í Safnahúsinu á Egilsstöðum á 143,9 millj. kr. Samhliða undirritun kaupsamnings var undirritaður samningur um afnot eignarinnar til næstu tólf ára, viðhalds- og endurbótaáætlun og skilmálar leigu eftir lok afnotatíma.

3. Kjör endurskoðenda

Kjörnir endurskoðendur; KPMG Fagradalsbraut 11 Egilsstöðum

4. Geymslumál safnsins

Afar brýnt er að finna hentugt húsnæði til viðbótar þeim geymslum sem safnið hefur nú yfir að ráða í Safnahúsinu, en það rými er löngu sprungið og ekkert svigrúm til að bæta nýjum afhendingum við, auk þess sem erfitt er orðið að vinna í geymslunum sökum plássleysis og þrengsla. Einnig þarf að fá geymslu fyrir stærri muni, svo sem búvélar, vagna, sleða og fleiri muni í þeim flokki. Stjórn felur safnstjóra að vinna að málinu, með langtímahagsmuni safnsins í huga.

5. Önnur mál

Bréf frá Hlyni Bragasyni þar sem hann óskar eftir samningi við Minjasafnið um uppgerð á Farmal dráttarvél sem geymd er í fjárhúsum á Skeggjastöðum.

Bréf frá Baldri Grétarssyni og Sigurði Borgþóri Gunnarssyni sem einnig falast eftir samningi um varðveislu og uppgerð á Farmal dráttavélinni.

Baldur Grétarsson yfirgaf fundinn undir þessum lið.

Stjórnin fagnar áhuga á vélum í eigu safnsins og telur að gott að sem flestir séu í liðinu sem áhuga hefur á að varðveita eignir safnsins. Í því ljósi voru stjórnarmenn á einu máli að fela safnstjóra að ganga frá samningi við Baldur Grétarsson og Sigurð Borgþór Gunnarsson með sama hætti og gert var þegar samningur var gerður haustið 2013 við Hlyn Bragason um varðveislu á Ferguson dráttarvél.

Fundi slitið kl. 14.30.

Kristjana Björnsdóttir ritaði.